

Reykjavík 23. mars 2017

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um jafnræði í skráningu foreldratengsla. Þingskjal 161 – 102. mál.

(Lagt fyrir Alþingi á 146. löggjafarþingi 2016–2017.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi geta tekið undir ofangreinda þingsályktunartillögu og taka undir að óréttlátt sé að mæður sem eigi barn saman lúti öðrum reglum og annarri framkvæmd en foreldrar af sitt hvoru kyninu geri almennt um skráningu foreldratengsla, ef barn er getið með tæknifrjógvun. Mismunun á ekki að eiga sér stað og verða lagarök að búa að baki mismunandi meðferð sambærilegra mála.

Hvað varðar jafnræði í skráningu á foreldratengslum vilja samtökin benda á að horfa þarf á verkefnið, skráningu foreldratengsla, með fleiri hópa í huga. Má nefna sem dæmi að gera verður ráðstafanir til að foreldratengsl forsjarlausra foreldra verði skráð, ef það er enn ekki gert. Ýmsar skrár og ákvarðanir um rétt og skyldur, byggjast beinlínis á upplýsingum úr þjóðskrá, m.a. skattskýrslur, upplýsingar sem sveitarfélög halda um börn og skráningu þeirra í skóla, leikskóla o.s.frv. Skýtur það skökku við að mati samtakanna, að bæði foreldri skuli ekki vera skráð foreldrar barns, þegar annað hefur ekki forsjá. Meginreglan hlýtur að eiga að vera sú að báðir foreldrar séu skráðir en sérstaklega þurfi að sækja um að sleppa skráningu ef þess gerist þörf. Réttur barnsins er að samkvæmt Barnasáttmálanum og öðrum lögum að eiga og þekkja báða foreldra sína og viðhalda tengslum við þá.

Mikilvægt er að minna á rétt barna til að þekkja og leita uppruna síns. Þar af leiðandi er mikilvægt að upplýsingar um blóðtengsl glatist ekki við skráningu foreldratengsla þegar barn er getið með tæknifrjógvun. Jafnframt má í þessu samhengi hvetja til þess að samkynhneigðum feðrum verði tryggð samskonar meðferð og öðrum, er ákvarðanir eru teknar um foreldraskráningu og framkvæmd hennar.

Barnaheill hvetja til þess að horft verði heilsteypt á verkefnið skráning foreldratengsla í þjóðskrá þannig að einhverjir hópar gleymist ekki eða verði fyrir mismunun.

Mikilvægt er að búa svo um að samskipti allra sem koma að uppeldi og umönnun barns séu friðsamleg og ber stjórnkerfinu að tryggja bestu mögulegu leiðir til að auðvelda þeim sem næst barni standa, að búa því uppbyggjandi umhverfi. Það er slæmt ef stjórnkerfið eða úrræðaleysi þess verður til þess beinlínis að valda deilum eða óréttlæti í nærumhverfi barna. Því samkvæmt 18. gr. Barnasáttmálans skal aðildarríki gera það sem í valdi þess

stendur til að tryggja að sú meginregla sé virt að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Barn á rétt á bestu mögulegu uppeldisaðstæðum og ber aðildarríkjum að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að réttindi barna komi til framkvæmda.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri